

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

Ársreikningur

2020

Skýsla stjórnar	2 - 5
Áritun óháðs endurskoðanda	6 - 8
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	9
Efnahagsreikningur	10
Yfirlit um sjóðstreymi	11
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	12
Skýringar	13 - 33
Stjórnarháttayfirlýsing	34 - 35
Sérgreind yfirlit deilda	36 - 38

Skýrsla stjórnar

Um Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er ætlaður starfandi tannlæknum og mökum þeirra, sem ekki er að lögum skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði. Sjóðurinn skiptist í séreignar- og samtryggingardeild. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 127/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign sjóðsins í árslok 2020 nam kr. 7.869.303.118 og hafði hækkað um kr. 970.726.479 frá árslokum 2019. Hrein eign séreignardeildar sjóðsins í árslok 2020 nam kr. 5.948.801.361 og hafði hækkað um kr. 693.495.384 frá árslokum 2019. Hrein eign samtryggingardeildar sjóðsins í árslok 2020 nam kr. 1.920.501.757 og hafði hækkað um kr. 277.231.095 frá árslokum 2019.

Fjöldi sjóðfélaga, iðgjöld og lífeyrir

Í lok árs 2020 voru 368 sjóðfélagar í séreignardeild sem var sami fjöldi og árið áður. Þá voru 366 sjóðfélagar í samtryggingardeild í árslok 2020 sem var óbreyttur fjöldi frá fyrra ári. Meðaltal virkra sjóðfélaga í báðum deildum, þ.e. einstaklingar sem greiddu iðgjöld á árinu, voru 363 á árinu 2020, samanborið við 349 á árinu 2019.

Lífeyrisþegar séreignardeildar á árinu 2020 voru 53 talsins samanborið við 52 á árinu 2019. Lífeyrisþegar samtryggingadeildar á árinu 2020 voru 27 talsins samanborið við 22 á árinu 2019. Greiddur lífeyrir á árinu 2020 nam samtals kr. 182.909.837 samanborið við kr. 138.919.278 á árinu 2019. Á árinu var greiddur örorkulífeyrir að fjárhæð kr. 8.016.745, makalífeyrir að fjárhæð kr. 4.337.817, barnalífeyrir að fjárhæð kr. 2.147.451, fyrirframlífeyrir kr. 4.141.843 og eftirlaun samtals að fjárhæð kr. 162.215.316. Til að auðvelda einstaklingum og heimilum að standa af sér þær aðstæður sem sköpuðust vegna heimsfaraldursins var einstaklingum heimilað að taka út séreignarsparnað til frjálsra nota. Opnað var fyrir umsóknir í apríl 2020 og var umsóknarfrestur til 1. janúar 2021. Hámarksútgreiðsla var 12 m.kr. yfir 15 mánaða tímabil og nam útgreiðsla hvers mánaðar að hámarki 800 þúsund krónum. Nokkrir sjóðfélagar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands nýttu sér úrræðið og tóku þeir út samtals rúma 4,1 m.kr. á árinu 2020.

Á árinu 2020 námu greidd iðgjöld kr. 351.418.476 samanborið við kr. 308.554.718 á árinu 2019. Á árinu 2020 námu greidd iðgjöld í séreignardeild kr. 103.348.867. Iðgjöld í séreignardeild námu kr. 248.069.609 á árinu 2020.

Á árinu voru haldnir 9 formlegir fundir hjá stjórn sjóðsins auk ársfundar sem haldinn var í júní. Á árinu 2020 var enginn starfsmaður hjá sjóðnum, en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans sér bankinn um rekstur sjóðsins. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður bankans. Laun til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu kr. 4.384.000 á árinu 2020 samanborið við kr. 4.252.000 á árinu 2019.

Ávöxtun ársins 2020

Nafnávöxtun deilda Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands árið 2020 var á bilinu 11,5-11,8% en verðbólga á tímabilinu nam 3,49%.

Nafnávöxtun ávöxtunarleiða sjóðsins

	2020	2019	2018
Séreignardeild	11,5%	12,6%	4,1%
Samtryggingardeild	11,8%	12,3%	4,5%

Árið 2020 veiktist krónan á móti gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar. Evran um 14,9%, Bandaríkjadollar um 5,0% og sterlingspund 8,9%. Óhætt er að segja að Seðlabankinn hafi verið virkur á millibankamarkaði með gjaldeyri en hlutdeild hans í heildarveltu ársins var um 37%, samanborið við 8% hlutdeild árið áður. Fyrir utan styrkingu í mars í kjölfar samkomulags SÍ og lífeyrissjóðanna um að þeir síðarnefndu myndu halda sér til hlés á gjaldeyriskaupum, styrkingu í maí í kjölfar þess að rýmkað var um aðgerðir vegna Covid-19 og aftur í september í kjölfar þess að SÍ tilkynnti um reglulega sölu á gjaldeyri var krónan undir nokkuð stöðugum þrýstingi allt til loka október, þegar evran kostaði 165 krónur. Krónan styrktist síðan nokkuð í nóvember.

Skýrsla stjórnar

Meginvextir Seðlabanka Íslands voru 3,0% í ársbyrjun eftir talsverða lækkingu árið 2019. Árið 2020 héldu vextir áfram að lækka og í mars voru þeir komnir í 1,75%. Hagvaxtarhorfur voru slæmar eftir að farsóttin barst til landsins og óvissan óvenju mikil en gert var ráð fyrir um 8% samdrætti í landsframleiðslu í þjóðhagssþá Seðlabankans í maí og voru meginvextir Seðlabankans þá lækkaðir í 1%. Í árslok voru meginvextir Seðlabankans komnir í 0,75%. Krafa ríkisskuldabréfa lækkaði því á árinu. Ávöxtun var jákvæð bæði á verðtryggðum og óverðtryggðum ríkisskuldabréfum. Heildarvísitala ríkisskuldabréfa, NOMXIBB, hækkaði um 6,13%. Óverðtryggða 10 ára vísitalan, OMXI10YNI, hækkaði um 5,42% og verðtryggða 10 ára vísitalan, OMXI10YI, hækkaði um 6,03%. Enn betri ávöxtun var á öðrum skuldabréfum en ávöxtun á skuldabréfavísitölunni KVIKXGOVI Index hækkaði um 9,68% yfir árið. Verðbólga yfir árið var 3,6%.

Verð félaga á íslenska hlutabréfamarkaðnum sveiflaðist talsvert á árinu 2020, eftir lækkanir í kjölfar COVID 19 hækkaði verðið aftur eftir því sem leið á árið og enduðu flest félög árið í hærri gildum en í upphafi árs. Úrvalsvísitala hlutabréfa hækkaði um 20,5%. Að teknu tilliti til arðgreiðslna hækkaði verð bréfa Kviku og TM mest, um 63,5% og 53,6%, félögin tilkynntu um fyrirhugaða sameiningu á seinni hluta ársins. Einungis lækkuðu bréfa Reita (-0,6%) og Icelandair (-78,3%) á árinu, Icelandair sótti sér nýtt hlutafé á árinu í kjölfar erfiðleika sem m.a. má rekja til COVID 19.

Erlendir hlutabréfamarkaðir áttu einnig sveiflukennt ár en enduðu flestir árið á töluverðri hækkun, heimsvísitala erlendra hlutabréfa (MSCI World Index) hækkaði um 14,3%, mælt í USD. Gengi ISK lækkaði á árinu um 4,7% gagnvart USD og 13,0% gagnvart EUR.

Landsbréf hf. dótturfélag Landsbankans hf. annast eignastýringu innan gildandi fjárfestingarstefnu hverju sinni. Er leitast við að ávaxta fjármuni sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu. Stjórn sjóðsins hefur eftirlit með rekstri sjóðsins ráðstöfun eigna hans í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

Tryggingafræðileg staða

Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings sjóðsins voru eignir samtryggingadeildar 6,1 milljón hærri en skuldbindingar í árslok 2020, eða sem nemur 0,2%. Í árslok 2019 voru skuldbindingar 18,4 milljónum hærri en eignir og tryggingafræðileg staða því neikvæð um 0,7%. Eignir og skuldbindingar samtryggingadeildar eru enn í góðu jafnvægi og engar breytingar fyrirhugaðar á réttindum sjóðfélaga.

Stjórnarhættir

Stjórn sjóðsins leggur áherslu á góða stjórnarhætti við daglega stjórnun og rekstur sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett sjóðnum starfs- og siðareglur sem mæla fyrir um almennar skyldur stjórnar, starfsmanna sem og annarra aðila sem vinna fyrir hönd sjóðsins. Ber öllum að hafa það að markmiði að stuðla að heiðarleika, réttsýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust sjóðfélaga og almennings á sjóðnum.

Starfsemi lífeyrissjóðsins byggir á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og öðrum lögum, reglugerðum og reglum sem um starfsemi lífeyrissjóða gilda. Þá starfar sjóðurinn á grundvelli samþykktar sjóðsins og reglna sem sjóðurinn hefur sett sér, s.s. starfs- og siðareglu. Stjórnarháttayfirlýsing vegna starfsemi á árinu 2019 fylgir ársreikningnum.

Áhættustýring

Stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands hefur sett sjóðnum áhættustefnu og áhættustýringarstefnu. Í áhættustýringarstefnunni eru settar fram verklagsreglur um það hvernig mæla skuli helstu áhættuþætti sem snerta rekstur sjóðsins; lífeyristryggingaráhættu, markaðsáhættu, eigna- og skuldbindingajöfnuð, rekstraráhættu, stjórnarhætti, mótaðilaáhættu, lausafjáráhættu, samþjöppunaráhættu, aðra áhættuþætti, álagspróf séreignardeildar og vikmarkaeftirlit. Áhættustýringarstefnan gerir ráð fyrir að fylgst sé með breytingum á áhættu sjóðsins með reglubundnum hætti. Áhættustýring sjóðsins er í höndum Áhættustýringar Landsbankans hf. og sérstaks ábyrgðaraðila áhættustýringar.

Skýrsla stjórnar

Ófjárhagslegar upplýsingar

Umhverfisþættir

Lífeyrissjóður Tannlækafélags Íslands hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Stefuna má nálgast á heimasíðu sjóðsins. Stefnan tekur mið af reglum og öðrum stefnum sjóðsins, s.s. fjárfestingarstefnu, áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, starfs- og siðareglum og stjórnarháttayfirlýsingu. Tilgangur stefnu lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar er að búa til skilvirka og trúverðuga nálgun á álitaefnum er snúa að ábyrgum fjárfestingum en jafnframt leitast við að ná ásættanlegri arðsemi af fjárfestingum sjóðsins. Umhverfis- og samfélagsmál og stjórnarhættir eru allt mikilvægir liðir í mati lífeyrissjóðsins á fjárfestingum. Það er mat lífeyrissjóðsins að fyrirtæki sem taka tillit til þessara þátta í starfsemi sinni njóti ávinnings til lengri tíma lítið.

Félagslegir þættir

Lífeyrissjóður Tannlækafélags Íslands er aðili að Landssamtökum lífeyrissjóða en samtökin gæta hagsmuna lífeyrissjóða sjóðfélaga þeirra. Á vegum samtakanna er unnið málefnastraf með þátttöku starfsmanna lífeyrissjóðanna. Landsamtökin eru sameiginlegur málssvari lífeyrissjóða gagnvart stjórnvöldum.

Starfsmannamál

Landsbankinn hf. er rekstraraðili Lífeyrissjóðs Tannlækafélags Íslands. Enginn starfsmaður er hjá sjóðnum en allri starfsemi sjóðsins er útvistað til Landsbankans hf. Landsbankinn hefur skrifað undir Jafnréttissáttmálann (Women's Empowerment Principles – Equality means Business), alþjóðlegt átak UN Women og UN Global Compact. Með undirskriftinni skuldbindur Landsbankinn sig til að vinna að bættum jafnréttismálum innan fyrirtækisins og sýna samfélagslega ábyrgð. Landsbankinn hefur sett sér jafnlaunastefnu sem aðgengileg er á heimasíðu bankans. Landsbankinn er aðili að Jafnréttisvísi Capacent. Jafnréttisvísirinn er stefnumótun og vitundarvakning á sviði jafnréttis þar sem staða jafnréttismála innan fyrirtækis er metin með ítarlegri greiningavinnu.

Mannréttindamál

Lífeyrissjóður Tannlækafélags Íslands hefur ekki sett sér sérstaka stefnu í mannréttindamálum. Stefna lífeyrissjóðsins varðandi ábyrgar fjárfestingar er sett með hliðsjón af reglum um ábyrgar fjárfestingar, Principles for Responsible Investment, (UN PRI) sem eru alþjóðleg samþykkt fjárfesta sem vinna saman að því að innleiða tiltekin grundvallarviðmið um ábyrgar fjárfestingar og njóta til þess stuðnings Sameinuðu þjóðanna.

Spillingar- og mútumál

Engin spillingar eða mútumál hafa komið upp hjá Lífeyrissjóði Tannlækafélags Íslands. Lífeyrissjóðurinn hefur sett sér starfs- og siðareglur sem aðgengilegar eru á heimasíðu sjóðsins. Reglurnar mæla fyrir um almennar skyldur stjórnar, starfsmanna sem og annarra aðila sem vinna fyrir hönd sjóðsins og hafa það að markmiði að stuðla að heiðarleika, réttsýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust sjóðsfélaga og almennings á sjóðnum.

Viðskiptalíkan

Starfsemi lífeyrissjóðsins lýtur að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Sjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til þess að ná þessum tilgangi. Lífeyrissjóður Tannlækafélags Íslands er séreignasjóður og býður sem slíkur upp á samþættingu lífeyrisréttinda í samtryggingu og séreign.

Önnur mikilvæg atriði

Ársreikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Lífeyrissjóður Tannlækafélags Íslands metur öll verðbréf á markaðsverði.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. apríl 2021

Stjórn

Sigurgísli Ingimarsson

Gísli Vilhjálmsson

Heiðís Halldórsdóttir

Margrét Helgadóttir

Sæmundur Pálsson

Framkvæmdastjóri

Ólafur Páll Gunnarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðsfélaga Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2020, efnahag hans 31. desember 2020, breytingu á handbæru fé á árinu 2020 og tryggingafræðilegri stöðu 31. desember 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerð Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Óháði

Við erum óháð Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Eftir okkar bestu vitund, þá höfum við ekki veitt lífeyrissjóðnum neina óheimila þjónustu sem endurskoðendur lífeyrissjóðsins samanber lista yfir óheimila þjónustu sem tilgreind er í 5.1. gr. reglugerð Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2020. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig

a) Mat og tilvist á eignarhlutum í félögum, sjóðum og skuldabréfum

Verðmæti eignarhluta í félögum og sjóðum nam 3.251 m.kr. og verðmæti skuldabréfa nam 4.361 m.kr. í árslok 2020. Mat og tilvist þessara eigna telst vera lykilatriði við endurskoðun okkar þar sem um stærsta einstaka lið reikningsskilanna er um að ræða. Við endurskoðun okkar þá staðfestum við mat og tilvist fjárfestinga með ytri staðfestingum, yfirfórum mat stjórnenda og lögðum mat á eignaflokkun í ársreikningi og viðeigandi skýringar.

b) Mat á lífeyrisskuldbindingu

Lífeyrisskuldbinding sjóðsins nam 2.958 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 2.635 m.kr. í árslok 2019. Tryggingafræðileg staða nam 0,2% í lok árs 2020 þar sem eignir voru umfram skuldbindingar samanborið við -0,7% í lok árs 2019. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð af tryggingastærðfræðingi sem er ekki starfsmaður sjóðsins. Við endurskoðun okkar þá fengum við staðfestingu á óháði frá tryggingastærðfræðingi og lögðum mat á hæfni hans, yfirfórum ferlið við útreikninga auk þess sem að niðurstöður voru rýndar, framkvæmdum aðgerðir til þess að sannreyna forsendur og útreikninga, yfirfórum næmnigreiningu, yfirfórum yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2020 og tengdar skýringar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem sjóðurinn birtir, jafnt með ársreikningi sem og á öðrum vettvangi. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem sjóðurinn gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru m.a. skýrsla stjórnar sem fylgir ársreikningi og stjórnarháttayfirlýsing. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi sjóðsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Ráðning endurskoðanda

Við vorum upphaflega kosin sem endurskoðendur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands fyrir árið 2015 og höfum við verið endurkjörin á hverju ári síðan þá.

Reykjavík, 29. apríl 2021

Baker Tilly



Kristinn Kristjánsson
endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2020

	Skýr.	2020	2019
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		106.039.838	91.537.845
Iðgjöld launagreiðenda		244.965.249	214.816.288
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		413.388	2.200.585
		<u>351.418.476</u>	<u>308.554.718</u>
Sérstök aukaframlög	3	2.051.945	1.987.466
		<u>353.470.421</u>	<u>310.542.184</u>
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	4	182.909.837	138.919.278
Sérstök inngreiðsla inn á lán sjóðfélaga		6.116.002	7.079.921
Framlag í VIRK starfsendurhæfingarsjóð		1.841.361	1.855.782
		<u>190.867.200</u>	<u>147.854.981</u>
Fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5	527.401.129	477.729.249
Hreinar tekjur af skuldabréfum	6	310.490.789	290.614.171
Vaxtatekjur og gengismunur af handbæru fé		(9.309.691)	14.286.756
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		590.528	546.247
Fjárfestingagjöld	7	(4.807.651)	(3.824.230)
		<u>824.365.104</u>	<u>779.352.193</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	8	16.241.845	16.468.355
		<u>16.241.845</u>	<u>16.468.355</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		970.726.480	925.571.041
Hrein eign frá fyrra ári		6.898.576.639	5.973.005.598
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		7.869.303.118	6.898.576.639

Efnahagsreikningur 31.12.2020

Eignir		2020	2019
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	9	3.251.291.233	2.877.185.891
Skuldabréf	10	4.361.070.905	3.894.702.404
Veðlán	10	40.307.750	52.788.072
		<u>7.652.669.888</u>	<u>6.824.676.367</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	15	10.289.969	4.809.425
Aðrar kröfur	16	187.095	138.506
		<u>10.477.064</u>	<u>4.947.931</u>
Handbært fé		<u>213.433.584</u>	<u>81.476.896</u>
Eignir		<u>7.876.580.536</u>	<u>6.911.101.194</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir	17	<u>7.277.418</u>	<u>12.524.556</u>
Skuldir		<u>7.277.418</u>	<u>12.524.556</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls		<u>7.869.303.118</u>	<u>6.898.576.639</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls			
Séreignardeild		5.948.801.361	5.255.305.977
Samtryggingardeild		<u>1.920.501.757</u>	<u>1.643.270.662</u>
		<u>7.869.303.118</u>	<u>6.898.576.639</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 2020

	2020	2019
Inngreiðslur		
Iðgjöld	346.182.404	315.906.386
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	3.260.708	5.184.702
Aðrar inngreiðslur	15.213	0
	<u>349.458.325</u>	<u>321.091.088</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	188.274.208	138.767.974
Rekstrarkostnaður	16.158.499	16.540.152
Sérstök inngreiðsla inn á lán	6.116.002	7.079.921
Aðrar útgreiðslur	4.824.624	3.760.196
	<u>215.373.333</u>	<u>166.148.243</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	<u>134.084.992</u>	<u>154.942.845</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5.061.529	44.280.468
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(502.204.226)	(637.398.800)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	650.413.784	252.458.583
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	509.793.706	215.756.729
Keypt skuldabréf	(1.429.305.863)	(586.662.666)
Seld skuldabréf	776.041.798	299.247.451
	<u>9.800.728</u>	<u>(412.318.235)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	<u>143.885.720</u>	<u>(257.375.390)</u>
Gengismunur af handbæru fé	<u>(11.929.032)</u>	<u>9.565.833</u>
Handbært fé í upphafi árs	<u>81.476.896</u>	<u>329.286.453</u>
Handbært fé í lok árs	<u>213.433.584</u>	<u>81.476.896</u>

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2020

Tryggingafræðileg staða 2020

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.920.501.757		1.920.501.757
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	-152.460.934		-152.460.934
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa	-36.180.154		-36.180.154
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	-23.069.474	-40.252.105	-63.321.579
Núvirði framtíðariðgjalda		1.295.572.577	1.295.572.577
Eignir samtals	1.708.791.195	1.255.320.472	2.964.111.667
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	1.252.687.810	1.040.187.036	2.292.874.846
Örorkulífeyrir	211.425.057	299.132.277	510.557.334
Makalífeyrir	85.580.186	58.805.245	144.385.431
Barnalífeyrir	0	10.239.974	10.239.974
Skuldbindingar samtals	1.549.693.053	1.408.364.532	2.958.057.585
Eignir umfram skuldbindingar	159.098.142	-153.044.060	6.054.082
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	10,3%	-10,9%	0,2%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	8,4%	-10,6%	-0,7%

Tryggingafræðileg staða 2019

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.643.270.662		1.643.270.662
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	-115.582.223		-115.582.223
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa	-18.439.811		-18.439.811
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	-22.827.769	-40.539.477	-63.367.246
Núvirði framtíðariðgjalda		1.171.007.041	1.171.007.041
Eignir samtals	1.486.420.859	1.130.467.564	2.616.888.423
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	1.101.630.229	929.277.139	2.030.907.368
Örorkulífeyrir	192.438.367	268.710.499	461.148.866
Makalífeyrir	77.146.514	57.019.024	134.165.538
Barnalífeyrir	0	9.105.734	9.105.734
Skuldbindingar samtals	1.371.215.110	1.264.112.396	2.635.327.506
Eignir umfram skuldbindingar	115.205.749	-133.644.832	-18.439.083
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	8,4%	-10,6%	-0,7%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	6,0%	-7,2%	-0,3%

Skýringar

1. Starfsemi

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er ætlaður starfandi tannlæknum og mökum þeirra, sem ekki er að lögum skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði. Sjóðurinn skiptist í séreignar- og samtryggingardeild. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 127/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Samtrygging

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Aðilar að Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands eru starfandi tannlæknar og makar þeirra. Þeim starfandi tannlæknum sem skylt er að vera í öðrum lífeyrissjóði, er þó heimilt að vera í þessum sjóði, ef þeir hafa tekjur af tannlækningum, sem þeir greiða ekki iðgjöld af í hinn sjóðinn. Samtryggingadeild og séreignardeild fylgja sambærilegri fjárfestingastefnu. Samkvæmt fjárfestingarstefnu 2021 er stefnt að því að fjárfesta 58,5% í innlendum skuldabréfum, 6,5% í erlendum skuldabréfum, 7,0% í skráðum innlendum hlutabréfum, 2,0% í innlendum framtaksfjárfestingum og 26,0% í erlendum hlutabréfum.

Séreign

Lífeyrissjóðurinn tekur við viðbótariðgjöldum sjóðfélaga. Sjóðfélögum í lífeyrissjóðnum ásamt öðrum sem þess óska er frjálst að greiða viðbótariðgjöld í séreignasjóðinn.

Stefnt er að góðri langtímaávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar yfir skemmra tímabil. Fjárfestingarstefnan mótast af því að leyfilegt er að nýta fjölbreytt tækifæri sem bjóðast á verðbréfamörkuðum. Samkvæmt fjárfestingarstefnu 2021 er stefnt að því að fjárfesta 58,5% í innlendum skuldabréfum, 6,5% í erlendum skuldabréfum, 7,0% í skráðum innlendum hlutabréfum, 2,0% í innlendum framtaksfjárfestingum og 26,0% í erlendum hlutabréfum.

Lífeyrisréttindi

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í samtryggingu ávinur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 70 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira og leitt hefur til tekjuskurðingar. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún er aldurstengd. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar í samtryggingu með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi, því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Lífeyrisréttindi í séreignasjóðnum miðast við innborguð iðgjöld rétthafa ásamt þeirri hreinu ávöxtun sem fengist hefur á iðgjöldin. Heimilt er að hefja töku séreignarsparnaðar þegar rétthafi er orðinn 60 ára, en þó ekki fyrr en tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

Greiðsluleiðir

Munur greiðsluleiðanna liggur í því hvernig lögbundið iðgjald sjóðfélaga skiptist á milli samtryggingar, bundinnar séreignar og frjálsrar séreignar. Allt iðgjald umfram lögbundið lágmarksiðgjald fer í séreign. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri. Bundin séreign er laus til útborgunar frá 70 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum til þess tíma er greiðslur úr samtryggingu hefjast. Val útgreiðsluleiðar ræður því hvenær greiðslur úr samtryggingu hefjast. Frjáls séreign og bundin séreign eru að fullu eign sjóðfélagsins og erfist samkvæmt erfðalögum. Greiðsla lífeyris úr samtryggingu hefst við 70 ára aldur, eða síðar, eftir því hvaða útgreiðsluleið er valin, og greiðist til æviloka. Samtryggingin tryggir sjóðfélögum ævilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Starfræksla sjóðsins

Landsbankinn annast starfrækslu lífeyrissjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og bankans. Skrifstofa sjóðsins er að Austurstræti 11, 101 Reykjavík.

1. Starfsemi (framhald)

Áhættustýring

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands fer eftir áhættustýringarstefnu og í henni eru settar fram verklagsreglur um það hvernig mæla skuli helstu áhættuþætti sem snerta rekstur sjóðsins. Áhættum er snúa að rekstri sjóðsins er skipt upp í 9 meginflokk: lífeyristryggingaáhættu, markaðsáhættu, eigna- og skuldbindingajöfnuð, rekstraráhættu, stjórnhætti, mótaðilaáhættu, lausafjáraáhættu, samþjöppunaráhættu auk annarra áhættuþátta. Almenn er eftirlit með áhættuþáttum á hendi Áhættustýringar Landsbankans og áhættustjóra lífeyrissjóðsins.

Engir framvirkir gjaldmiðlasamningar við lánastofnanir eru í gangi hjá sjóðnum í lok árs 2020.

Með fullnægjandi áhættustýringu og innra eftirliti hjá sjóðnum aukast líkur á að starfsemi og tryggingafræðileg staða hans sé í ásættanlegu horfi með hliðsjón af hagsmunum sjóðfélaga. Horft er til þess að áhættustýring sé ferli sem stuðlar að aukinni meðvitund, skilvirkni og árangri, ásamt því að stuðla að því að lögum og reglum sé framfylgt.

Árangursríkt áhættustýringarferli samanstendur af áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, ferli og skýrslugjöf þar sem megintilgangur er að greina, mæla, fylgjast með og meta, í samfellu sem og eftir atvikum greiningu, allar áhættur sem snúa að sjóðnum og sjóðfélögum.

Meðvitað þarf að taka ákvörðun þegar vart verður við tiltekna áhættu, um hvort fjarlægja eigi áhættuvaldinn, sniðganga hann, draga úr líkum eða afleiðingum áhættunnar, deila áhættunni með öðrum eða meðvitað taka áhættuna.

Áhættustýring er ferli sem er samofið daglegum rekstri og ákvarðanatöku innan sjóðsins. Allir starfsmenn skulu vera meðvitaðir um þær áhættur sem snúa að sjóðnum. Lita skal á innri endurskoðun sem mikilvægan hluta af því ferli.

Við undirbúning og vinnu að áhættustefnu og áhættustýringarstefnu sjóðsins var stuðst við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða, leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2013 og nr. 2/2013 um áhættustýringu lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaða.

Lífeyristryggingaáhætta (samtryggingardeildar) er skilgreind sem hættan á að lífeyrissjóður vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutiðni auk forsendna um vexti og verðbólgu.

Í 39. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um að ef heildar tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðs án ábyrgða, leiðir í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga sé skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum og með sama hætti ef þessi munur hefur haldist 5% eða meiri síðastliðin 5 ár. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðs er munur á eignum sjóðsins og reiknuðum skuldbindingum. Áhættuþáttum er því hægt að skipta í tvennt; áhættu sem tengist eignum sjóðsins og áhættu sem tengist skuldbindingum sjóðsins. Áhættuþættir sem tengjast skuldbindingum sjóðsins eru einkum þessir: Auknar lífslíkur, aukin örorka og breytt ávöxtunarkrafa sem notuð er til núvirðingar á skuldbindingum. Áhættuþættir sem tengjast eignum sjóðsins eru einkum þessir: Lækkun markaðsvirðis verðbréfa, verðbólga, þróun gjaldmiðla og aðrir þættir sem hafa áhrif á markaðsvirði eigna lífeyrissjóðsins.

Við mat á lífeyristryggingaáhættu er gert árlegt álagspróf á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóðsins. Álagsprófið er tvískipt, annars vegar á skuldbindingum sjóðsins og hins vegar á eignum. Útreikningur á mismunandi forsendum skuldbindinga sjóðsins og eigna er framkvæmdur af tryggingastærðfræðingi sjóðsins.

	Tryggingafræðileg staða 2020	Tryggingafræðileg staða 2019
Núverandi staða.....	0,20%	-0,70%
Tryggingafræðileg krafa lækkar úr 3,5% í 3%.....	-9,71%	-10,34%
Líftöflur hliðrast um 2 ár.....	-8,53%	-9,36%
Örorkulíkur auknar um 10%.....	-1,39%	-2,32%
Vísitala neysluverðs, hækkun ársins aukin um 0,5%.....	0,07%	-0,80%
Gengisvísitala lækkar um 10%.....	-1,70%	-2,39%
Sjóðsfélagalán lækka um 10%.....	0,20%	-0,70%
Markaðsskuldbréf lækka um 10%.....	-3,58%	-4,52%
Erlend hlutabréf lækka um 10%.....	-1,48%	-2,13%
Innlend hlutabréf lækka um 10%.....	-0,38%	-1,36%

Skýringar

1. Starfsemi (framhald)

Markaðsáhætta er skilgreind sem áhættan á fjárhagslegu tapi af stöðu innan og utan efnahagsreiknings vegna breytinga á markaðsverði. Allar stöður í markaðsbréfum teljast innan efnahags en höfuðstöðsfrjárhæðir afleiðna utan efnahags. Þessi áhætta fyrirfinnst í vaxtatengdum fjármálagerningum (skuldabréfum), hlutabréfum og gjaldeyrisviðskiptum. Megináhættuþættir markaðsáhættu eru hluta- og skuldabréfaverð, vextir og gengi gjaldmiðla. Aðrir þættir á borð við fylgni og flókt, hafa hvoru tveggja áhrif á einstaka áhættuþætti sem og heildaráhættu. Misræmisáhætta telst einnig til markaðsáhættu en hún myndast þegar misræmi er milli eigna og skuldbindinga sjóðsins til að mynda hvað varðar verðtryggingarhlutfall, meðallíftíma eða gjaldmiðla. Helstu undirflokkar markaðsáhættu eru hlutabréfaáhætta, vaxtaáhætta, gjaldmiðlaáhætta, flókt- og fylgniáhætta, misræmisáhætta, uppgreiðsluáhætta og áhætta vegna markaðseigna utan efnahagsreiknings.

"Value at Risk" (VaR) er notað til að meta líkur á hámarkstapi sem getur orðið vegna breytinga á markaðsvirði eigna byggt á sögulegum gögnum um flókt og vænta raunávöxtun. Einnig er staðalfrávik notað til að meta sveiflur eignasafna.

Stór hluti eigna sjóðsins er í markaðsverðbréfum. Fjárfestingar sjóðsins í eignarhlutum í félögum og sjóðum eru að mestu leyti í skráðum eignum.

	Staða	Staða	Hlutfall af eignum	Hlutfall af eignum
	31.12.2020	31.12.2019	31.12.2020	31.12.2019
Innlend hlutabréf, hlutabréfasjóðir og framtaksfjárfestingar á gangvirði.....	869.629.399	969.892.739	11,05%	14,00%
Erlend hlutabréf, hlutabréfasjóðir og framtaksfjárfestingar á gangvirði.....	2.133.353.395	1.645.676.854	27,11%	23,80%
	3.002.982.794	2.615.569.593	38,16%	37,80%

Áhrif 5% og 10% lækkunar á gangvirði eignarhluta í félögum og sjóðum á eignir sjóðsins er sýnd hér að neðan. Tekið skal fram að 5% og 10% hækkun á gangvirði hefur sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2020	31.12.2020	31.12.2019	31.12.2019
Breyting á gangvirði.....	-5%	-10%	-5%	-10%
Áhrif á innlend hlutabréf og hlutabréfasjóði.....	-43.481.470	-86.962.940	-48.494.637	-96.989.274
Áhrif á erlend hlutabréf og hlutabréfasjóði.....	-106.667.670	-213.335.340	-82.283.843	-164.567.685
Samtals gangvirðisbreyting.....	-150.149.140	-300.298.280	-130.778.480	-261.556.959

Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	7.869.303.118	7.869.303.118	6.898.576.638	6.898.576.638
Breyting á hreinni eign.....	-150.149.140	-300.298.279	-130.778.480	-261.556.959
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði.....	7.719.153.978	7.569.004.839	6.767.798.158	6.637.019.679

Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði er skilgreind sem hættan á að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar. Á hverju ári er framkvæmd tryggingafræðileg úttekt á samtryggingardeild sjóðsins og miðast hún að jafnaði við lok hvers almanaksárs. Úttektin er gerð af tryggingastærðfræðingi sem metur heildarskuldbindingar sjóðsins, þ.e. áfallnar skuldbindingar og skuldbindingar til framtíðar. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er hrein eign auk núvirðis framtíðariðgjalda sem hlutfall af heildarskuldbindingum.

Rekstraráhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta. Mæling á rekstraráhættu er gerð á grundvelli áhættumats.

Stjórnhættir eru skilgreindir sem samskipti, hlutverk og ábyrgð stjórnar, stjórnenda og starfsmanna sín á milli og gagnvart öðrum hagsmunaaðilum og hvernig þessir aðilar vinna sameiginlega að því að ná fram markmiðum lífeyrissjóðsins. Stjórnhættir fela í sér fylgni við góðar venjur og viðmið sem varða markmið og stefnur lífeyrissjóðs, hvernig rekstur hans er skipulagður, skilgreiningu á hlutverkum og ábyrgð, virkni innra eftirlits og hvernig upplýsingaflæði er háttað innan sjóðsins. Gæta þarf að því að að verklagsreglur stjórnar, framkvæmdastjóra og starfsmanna sjóðsins og stjórnhættir almennt séu í samræmi við ákvæði laga og reglna hverju sinni og að stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og starfsmönnum séu ljósar þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Skýringar

1. Starfsemi (framhald)

Mótaðilaáhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi sökum þess að mótaðili uppfyllir ekki skuldbindingar sínar. Undir mótaðilaáhattu flokkast útlánaáhætta, uppgjörssáhætta, samþjöppunaráhætta, afhendingaráhætta og landsáhætta. Við eftirlit með áhættu lífeyrissjóðsins er fylgst með útlánaáhættu, uppgjörssáhættu, samþjöppunaráhættu og áhættu vegna eigna utan efnahags. Aðrar áhættur eru metnar með huglægu mati þegar fjárfest er í fjármálagerningum sem ekki hafa verið í eignasafni lífeyrissjóðsins, er hér átt við m.a. afhendingar-, pólitíska og lagalega áhættu.

Útlánaáhætta, lánshæfismat miðast við 31.12.2020.

	Staða 31.12.2020	Staða 31.12.2019	Hlutfall af eignum 31.12.2020	Hlutfall af eignum 31.12.2019
Skuldabréf/skuldabréfasjóðir með ábyrgð ríkissjóðs.....	2.309.755.651	1.697.844.049	29,4%	24,6%
Önnur innlend skuldabréf/skuldabréfasjóðir.....	2.168.336.552	2.353.659.157	27,6%	34,1%
Önnur erlend skuldabréf / skuldabréfasjóðir.....	171.594.891	157.601.888	2,2%	2,3%
Samtals.....	4.649.687.094	4.209.105.094	59,1%	60,9%

Lausafjáráhætta er skilgreind sem hættan á að lífeyrissjóður hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða til að standa undir skuldbindingum sínum eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði. Lausafjáráhættan er svo tvíþætt, seljanleikaáhætta, sem er áhættan á því að geta ekki selt eignir á ásættanlegu verði innan ákveðins tíma til þess að standa við skuldbindingar og svo ústreymisáhætta, sem er hættan á því að það verði skyndilegt útlæði úr sjóðnum sem sjóðurinn getur ekki staðið við án þess að skerða eignir sjóðfélaga.

Stærsti hluti eigna sjóðsins eru skráð verðbréf sem og skuldabréf með ríkisábyrgð sem teljast til seljanlegra eigna.

	2020	2019
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum.....	33,0%	38,4%
Skráð skuldabréf *.....	57,3%	44,0%
* Öll skráð skuldabréf í eigu sjóðsins burt séð frá viðskiptavakt	90,3%	82,4%

Samþjöppunaráhætta er skilgreind sem hættan á auknu fjárhagslegu tapi vegna of mikillar samþjöppunar eigna.

Eftirlit með samþjöppunaráhættu er framkvæmt á stærstu útgefendur verðbréfa í eignasafni lífeyrissjóðsins. Miðað skal við eignir umfram 1% af hreinni eign lífeyrissjóðs og skal það mat framkvæmt tvisvar á ári eða þegar nýjar fjárhagsupplýsingar berast frá útgefanda. Ábyrgðaraðili áhættustýringar reiknar út margfaldara fyrir hvern útgefanda, vegur þá saman og gefur útgefanda skor. Fylgst er með breytingum á margföldurum og skori milli tímabila. Hafa ber í huga að margfaldarar eru mismunandi eftir tegund útgefenda samanber ríki, sveitarfélög, banka og fyrirtæki. Margfaldarar eru einnig mismunandi eftir atvinnugreinum. Ekki er því sjálfgefið að mótaðilalíkanið sem notað er við útreikningana sé viðeigandi fyrir alla útgefendur. Miðað skal við að meta nýja útgefendur, þar sem fjárfesting fer yfir 0,5% af hreinni eign, með mati á fjárhagsupplýsingum, fjárhagslegum skilmálum og veðum.

Skilgreina skal í fjárfestingarstefnu sjóðsins kröfur um upplýsingagjöf frá útgefanda fjármálagernings og eins viðbrögð ef útgefandi verður uppvís að ófullnægjandi upplýsingagjöf. Ársfjórðungslega, eða um leið og ný gögn berast, skal meta stærstu útgefendur með tilliti til greiðslufalls.

Samþjöppunaráhætta eignasafns er metin með því að reikna daglega hlutfall allra útgefenda í verðbréfasafni lífeyrissjóðsins, bæði í einstökum bréfum og eignum í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Þá er samþjöppunaráhætta reiknuð út innan tiltekinna atvinnugreina.

Skýringar

1. Starfsemi (framhald)

Næmnigreining

Í töflunum eru settar upp sviðsmyndir mögulegra áfalla og metið hver áhrif þeirra eru á hreina eign sjóðsins í árslok 2020. Settir eru upp þrír möguleikar, lítil, miðlungs eða mikil breyting og er aðeins einn áhættuþáttur skoðaður í einu og eru aðrir þættir hafðir óbreyttir. Áhrif hvers möguleika eru síðan metin í hverri deild fyrir sig.

	Lítill breyting	Miðlungs breyting	Mikil breyting
Verð markaðsskuldabréfa lækkar um:	5,0%	12,5%	20,0%
Áhrif á Séreignardeild.....	-2,7%	-6,7%	-10,7%
Áhrif á Sameignardeild.....	-2,8%	-6,9%	-11,0%

	Lítill breyting	Miðlungs breyting	Mikil breyting
Greiðslufall verður á öðrum skuldabréfum*:	5,0%	12,5%	20,0%
Áhrif á Séreignardeild.....	-0,2%	-0,5%	-0,8%
Áhrif á Sameignardeild.....	-0,1%	-0,3%	-0,5%

* Skuldabréf fyrirtækja og sveitarfélaga

	Lítill breyting	Miðlungs breyting	Mikil breyting
Gengisvísitala lækkar um:	5,0%	12,5%	20,0%
Áhrif á Séreignardeild.....	-1,5%	-3,8%	-6,1%
Áhrif á Sameignardeild.....	-1,5%	-3,6%	-5,8%

	Lítill breyting	Miðlungs breyting	Mikil breyting
Innlend skráð hlutabréf lækka um:	5,0%	15,0%	30,0%
Áhrif á Séreignardeild.....	-0,3%	-0,9%	-1,8%
Áhrif á Sameignardeild.....	-0,3%	-0,9%	-1,8%

	Lítill breyting	Miðlungs breyting	Mikil breyting
Innlend skráð og óskráð hlutabréf lækka um:	5,0%	15,0%	30,0%
Áhrif á Séreignardeild.....	-0,6%	-1,7%	-3,4%
Áhrif á Sameignardeild.....	-0,5%	-1,6%	-3,2%

	Lítill breyting	Miðlungs breyting	Mikil breyting
Erlend skráð hlutabréf lækka um:	5,0%	15,0%	30,0%
Áhrif á Séreignardeild.....	-1,4%	-4,1%	-8,2%
Áhrif á Sameignardeild.....	-1,3%	-4,0%	-8,0%

	Lítill breyting	Miðlungs breyting	Mikil breyting
Erlend skráð skuldabréf lækka um:	5,0%	15,0%	30,0%
Áhrif á Séreignardeild.....	-0,2%	-0,5%	-0,9%
Áhrif á Sameignardeild.....	-0,1%	-0,4%	-0,7%

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga. Við gerð ársreikningsins er byggt á reglum nr. 335/2015.

Gangvirðismat

Þessi skýring veitir upplýsingar um hvernig sjóðurinn ákvarðar gangvirði hinna ýmsu fjáreigna sinna. Matsaðferðum er skipt í 3 stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsöðna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis fjármálagerna. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1: Gangvirðismat byggir á skráðum verðbréfum á virkum markaði.

Stig 2: Gangvirðismat byggir ekki á skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) heldur upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina, annað hvort beint (t.d. nýlegt viðskiptaverð) eða óbeint (t.d. afleidd verð fjármálagerna með sambærilegan líftíma á virkum markaði) eða öðrum mikilvægum markaðsupplýsingum. Í þennan flokk falla t.d. skráð verðbréf sem hafa ekki viðskiptavakt.

Stig 3: Gangvirðismat byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. T.d. verðmat frá rekstraaðilum fagfjárfestisjóða. Í þennan flokk falla fjárfestingar sjóðsins í óskráðum framtakssjóðum og félögum.

Gjaldmiðlar og vísitölur

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Gengi í lok tímabils	
	2020	2019	31.12.2020	31.12.2019
Evra (EUR).....	154,52	137,30	156,10	135,45
Bandaríkjadalur (USD).....	135,27	122,65	127,21	120,81
Sterlingspund (GBP).....	173,59	156,49	173,55	159,03
Norsk króna (NOK).....	14,42	13,94	14,93	13,73

Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar iðgjaldaskilagreinar eru greiddar. Í árslok er einnig áætlað vegna ótilkynnta iðgjalda í samtryggingardeild. Óinnheimt iðgjöld í árslok, bæði tilkynnt og ótilkynnt, eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi. Sjá skýringu 15. Iðgjöld eru færð á því tímabili sem skuldbinding vegna þeirra myndast. Iðgjaldagreiðslurnar eru fyrst færðar inn á sameiginlegan iðgjaldareikning lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild þeir greiða. Þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum eru fjárhæðir millifærðar af þessum iðgjaldareikningi inn á réttar deildir.

Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, það er ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Undir þennan lið fellur einnig sérstakt gjald til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs og trygginga skv. örorkusamkomulagi. Lífeyrir er gjaldfærður þegar hann er greiddur til lífeyrisþega.

Hreinar fjárfestingatekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að fráðregnum öllum fjárfestingargjöldum. Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í yfirliti um breytingu á hreinni eign sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, að fráðregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem tilgreind eru í skýringu nr. 7 um fjárfestingargjöld. Undir þennan lið falla arðgreiðslur, söluhagnaður og sölutap sem og breytingar á gangvirði. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir. Í skýringu 5 má sjá hreinar fjárfestingartekjur 20 stærstu fjárfestinga sjóðsins í félögum og sjóðum.

Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að fráðregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem tilgreind eru í skýringu nr. 7 um fjárfestingargjöld. Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökupóknar af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Fjárfestingagjöld

Undir þennan lið eru færð fjárfestingargjöld og þóknar til fjármálafyrirtækja vegna umsýslu- og vörslugjalda. Í skýringu nr. 7 er greint frá áætlaðri umsýslupóknun vegna fjárfestinga sjóðsins í innlendum og erlendum verðbréfa- og framtakssjóðum.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Rekstrarkostnaður

Allur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lífeyrissjóðsins fellur undir rekstrarkostnað. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til.

Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum og bundnum bankainnstæðum. Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og endurmeta þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur.

Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á áætluðu markaðsverði í árslok.

Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll framseljanleg skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Skuldabréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok.

Niðurfærsla verðbréfa

Engin niðurfærsla er færð hjá sjóðnum í árslok.

Ávöxtun

Í ársreikningi fyrir árið 2020 var gerð breyting á aðferð við útreikning ávöxtunar. Notast hefur verið við formúluna:

